



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur þróunarsjóðs skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

1. gr.

Þróunarsjóði skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ætlað að efla nýsköpun í kennsluháttum og faglegt skólastarf í takt við nýja skólastefnu sveitarfélagsins. Þróunarsjóðurinn veitir stuðning við áhugavert starf og verkefni, eflingu starfsþróunar innan skólans og framþróunar skólastarfs.

2. gr.

Einstaka kennarar, kennarahópar og aðrir fagaðilar sem starfa í skólasamfélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru hæfir til að sækja um styrk.

3. gr.

Skólanefnd auglýsir er eftir umsóknum í ágúst. Umsóknir í sjóðinn þurfa að berast fyrir 30. október og fer úthlutun fram í janúar ár hvert. Hægt er að sækja um undanþágu um sérstök verkefni sem lúta öðrum tímaramma. Umsóknir þurfa að vera samþykktar af skólastjóra viðkomandi skóla áður en þær eru sendar til skólanefndar. Skólanefnd yfirfer og metur umsóknir með tilliti til gildandi skólastefnu, matskvarða og ávinnings fyrir skólasamfélagið. Skólanefnd afgreiðir tillöguna til sveitarstjórnar til samþykktar.

4. gr.

Verkefni sem sótt er um styrk fyrir þurfa að hafa skilgreind markmið, áfanga, tímasetningar og áætluð verklok. Sundurliðuð kostnaðaráætlun þarf að fylgja umsókn og greina skal frá því hvort verkefnið hafi fengið styrk annars staðar frá.

5. gr.

Við samþykki umsóknar verður gerður skriflegur samningur við styrkþega, ábyrgðarmaður verkefnis tilgreindur og hvernig skuli staðið að greiðslum.

6. gr.

Styrkfjárhæðinni skal einungis varið til verkefnisins sem sótt er um og þeirra markmiða sem lýst er í umsókn.

7. gr.

Greiða skal út 75% af samþykkttri styrkfjárhæð við upphaf verkefnis. Við styrkveitingu er haldið eftir fjórðungi styrkuppþæðar sem greiddur er þegar greinargerð og kynning um verkefnið hefur verið skilað. Komi til þess að ekki sé hægt að vinna verkefni fellur styrkur niður. Hafi hluti styrkfjárhæðar verið greidd til umsækjanda skv. framangreindu skal endurgreiða styrkinn tilbaka.

8. gr.

Að verkefni loknu skal styrkþegi skila greinargerð um verkið og kynna það fyrir skólasamfélaginu, með formlegri og auglýstri kynningu. Einnig skal kynna verkefnið fyrir skólanefnd og sveitarstjórn sé þess óskað. Greinargerðin verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins öðrum til upplýsingar.

9. gr.

Þróunarsjóðurinn er skilgreindur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og heildarfélagshæð sjóðsins fyrir hvert ár ákveðin við fjárhagsáætlanagerð.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 19. júní 2024.